



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík 13.10.2020

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Ný gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavík

Um síðustu áramót tóku gildi ný umferðarlög nr. 77/2019. Með gildistöku þeirra fékk Bílastæðasjóður heimildir til að leggja gjöld á vegna brota sem áður höfðu einungis verið í höndum lögreglu, s.s. þegar lagt er í öfugri akstursstefnu og þegar lagt er fyrir innkeyrslur. Þá voru með nýju lögunum gerðar nokkrar minni breytingar sem fela í sér ný brot, svo sem þegar lagt er á grasbölum, sbr. 3. mgr. 28. gr. laganna. Sú gjaldskrá sem hér er lögð til tekur tillit til þessa og nær til álagningar af hálfu stöðuvarða vegna allra slíkra brota sem tilgreind eru í lögum nr. 77/2019. Upphæðir eru óbreyttar, þ.e. ekki er verið að hækka gjöld heldur einungis vísa í rétt lög og réttar greinar svo gjaldskráin taki til allra viðeigandi brota samkvæmt nýjum lögum.

Rétt hefði verið strax við gildistöku nýju laganna að gefa út og auglýsa nýja gjaldskrá en það fórst því miður fyrir. Því er lagt til að það sé gert nú svo bílastæðasjóður geti með lögmætum hætti lagt á öll þau gjöld sem umferðarlög gera ráð fyrir. Sum þessara brota eru hættubrot, þ.e. brot sem ógnað geta umferðaröryggi, og því mikilvægt að bílastæðasjóður geti sem fyrst sinnt álagningu eins og vera ber vegna þeirra. Rétt er að taka fram að núgildandi gjaldskrá sem sett var með stoð í eldri umferðarlögum heldur gildi sínu þar til ný gjaldskrá tekur gildi, en einungis hvað varðar þau brot sem eldri lög kváðu á um.

Meðfylgjandi gjaldskrártillaga hefur verið samþykkt í skipulags- og samgönguráði og eftir að hún hefur verið verið samþykkt í borgarráði þarf að senda hana til staðfestingar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem sér svo um að láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir



Reykjavík 12.10.2020

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 7. október 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Ný gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavík

Lögð fram svohljóðandi tillaga Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 2. október 2020, ásamt fylgiskjölum:

Samgöngustjóri leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki með tilvísun í 4. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eftirfarandi:

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a-e lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr. laganna, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

*Samþykkt með vísan til 4. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
Vísað til borgarráðs.*



Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram tillaga að nýrri gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavík. Hækka á sektir umtalsvert. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að vel mætti skoða að gefa ríflegri afslætti ef sektin er greidd t.d. innan sólarhrings. Þá mætti lækka sektina um helming. Með því er verið að hvetja þá sem fá sekt að ganga strax í málið og greiða hana. Sjálfsagt er að gefa þeim sem brjóta umferðarlög kost á að lækka upphæð sektarinnar með þessum hætti.

Fulltrúar Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Rangt er að verið sé að hækka sektir.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: tillaga Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 2. október 2020, ásamt fylgiskjöllum.



Skipulags- og samgönguráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Ný gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavík

Samgöngustjóri leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki með tilvísun í 4. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eftirfarandi:

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a-e lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr. laganna, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.



Greinargerð:

Um síðustu áramót tóku gildi ný umferðarlög nr. 77/2019 og með þeim var sveitarfélögum, sem fara með álagningu og innheimtu gjalda vegna brota á umferðarlögum samkvæmt ákvörðun ráðherra þar um, veittar auknar heimildir til að leggja á stöðvunarbrotagjöld. Ekki hefur gjaldskrá fyrir þau gjöld verið staðfest af ráðherra og auglýst í stjórnartíðindum. Ekki er um hækkun á gjöldum að ræða heldur einungis verðir að gera nýja gjaldskrá með tilvísun til nýrra umferðlaga nr. 77/2019 sem ná þá einnig til nýrra heimilda til að leggja á gjöld vegna brota á lögnum.

Verði gjaldskrá samþykkt þarf hún að fara til borgarráðs til samþykktar.

f.h. skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar,

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, lögfræðingur

Afrit af gildandi gjaldskrá nr. 798/2012, ásamt auglýsingum 568/2015 og 398/2017 um breytingar á gjaldskrá .
Afrit af drögum að nýrri gjaldskrá.



DRÖG-AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a-e lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr. laganna, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

4. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

5. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofnangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 8. október 2020, staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1988, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004, og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg nr. 798/2012.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið,

. október 2020.

AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 2.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota sbr. a-e lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að undanskildum j-lið 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., skal vera 5.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna j-liðar 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (bílastæði fatlaðra) skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

4. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

5. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1998, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004, og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg nr. 414/2010.

Innanríkisráðuneytinu, 14. september 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá
vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg, nr. 798/2012.

1. gr.

2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að undanskildum j-lið 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

2. gr.

3. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Stöðvunarbrotagjald vegna j-liðar 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

3. gr.

Breyting á gjaldskrá þessari sem borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1998, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004, og öðlast gildi við birtingu.

Innanríkisráðuneytinu, 25. júní 2015.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2015

AUGLÝSING
um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá
vegna stöðvunarbrotá í Reykjavíkurborg, nr. 798/2012.

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

2. gr.

Breyting á gjaldskrá þessari sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrotá nr. 104/1998, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004, og öðlast gildi við birtingu.

Innanríkisráðuneytinu, 27. apríl 2017.

Jón Gunnarsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.